



Dagsetning: 10. nóvember 2023
Málsnúmer: 2309055/2.4

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Breytingar á gjaldskrá fasteignagjalda 2024

Á 362. fundi bæjarstjórnar Fjarðabyggðar þann 2. nóvember var gjaldskrá fasteignagjalda fyrir árið 2024 staðfest, en tillaga að henni hafði áður verið tekin fyrir og staðfest á 819. fundi bæjarráðs þann 23. október.

Við gerð þeirrar gjaldskrár tillögu sem samþykkt var á þessum fundum var gert ráð fyrir að sorphreinsi- og eyðingargjald yrði hækkað um 30% frá núverandi gjaldskrá. Þannig var gert ráð fyrir að sorphreinsunargjald yrði **43.480** og sorpeyðingargjaldið **29.900**.

Á 38. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 7. nóvember sl. samþykkt nefndin tillögu að breytingum á gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2024. Sú tillaga gerði ráð fyrir að hækkun þessarara gjalda yrði 35%. Sorphreinsunargjald verðu þannig **45.152** og sorpeyðingargjald **31.050**.

Þessar breytingar gera það að verkum að taka þarf gjaldskrá fasteignagjalda fyrir í bæjarráði að nýju, og uppfæra í samræmi við ofangreint. Því er uppfærð tillaga að gjaldskrá fasteignagjalda 2024 lögð hér fram.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

